


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Sálfræði (SÁL3036) Námsáætlun (Haustönn 2015)	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Hermann Jón Tómasson	Sk.st.	HTÓ
----------------	-----------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður fjallað um hvatir, atferlissvaka, hegðun og tilfinningar með áherslu á frávíkshegðun. Fjallað verður um hvatræna hegðun eins og át og kynhegðun. Rætt verður um tilfinningar og áhrif þeirra á hegðun sem og tilfinningatengd vandamál eins og streitu. Jafnframt verður rýnt í orsakir ofbeldishegðunar. Megináhersla verður síðan lögð á umræðu um geðheilbrigði og algengustu flokka geðraskanana. Fjallað verður um orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferðarúrræði. Einnig verða viðhorf gagnvart fólki með geðraskanir rædd til þess að ýta undir skilning, virðingu og umburðarlyndi gagnvart þeim og aðstæðum þeirra.

Áfangamarkmið:

- Að auka þekkingu og skilning nemenda á mismunandi orsökum hegðunar almennt og frávíkshegðunar sérstaklega.
- Að vekja nemendur til vitundar um leiðir til að draga úr kvíða og streitu og viðhalda góðri geðheilsu.
- Að auka þekkingu nemenda á geðröskun, orsökum þeirra, einkennum og afleiðingum.
- Að vekja nemendur til umhugsunar um aðstæður fólks með geðraskanir og fordóma gagnvart þeim.


Námsgögn:

Námsefni, eða tilvísanir í það (vefsíður og tímaritsgreinar) verður aðgengilegt á Moodlesvæði áfangans. Kennari mun vísa nemendum á þetta efni eftir þörfum. Í námsefnispakkanum er eftirfarandi efni:

- Efnisbútar úr bók Atkinson, Atkinson og Hilgard: Sálfræði 2.
- Greinar á vefnum sem tengjast efnisumfjölluninni.
- Verkefni, glærur og samantekt kennara um námsefnið.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Viðfangssefni*	Nemendur skila
24.8.- 30.8.	Hvatir 1 – Svengd og át	Verkefni 1
31.8 - 6. 9.	Hvatir 2 – Kynhvöt/kynhegðun	Verkefni 2
7.9. - 13. 9.	Tilfinningar 1 – Almenn umfjöllun	Verkefni 3
14.9. - 20.9.	Tilfinningar 2 – Streita og kvíði	Verkefni 4

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Sálfræði (SÁL3036) Námsáætlun (Haustönn 2015)	

21.9. - 27.9.	Tilfinningar 3 – Reiði og ofbeldi	Verkefni 5
28.9 - 4.10.	Heimildaritgerð – kynning og undirbúningur	Tímapróf 1
5.10. - 11.10.	Geðræn vandamál – 1. hluti	Verkefni 6
12.10 - 18.10.	Geðræn vandamál – 2. hluti	Verkefni 7
19.10. - 25.10.	Geðræn vandamál – 3. hluti	Verkefni 8
26.10. - 1.11.	Geðræn vandamál – 4. hluti	Verkefni 9
2.11 - 8.11.	Meðferð geðrænna vandamála	Verkefni 10
9.11 - 15.11.	Meðferð geðrænna vandamála	Tímapróf 2
16.11 - 22.11.	Kynning á heimildaritgerðum	Ritgerð
23.11 - 29.11.	Kynning á heimildaritgerðum	Kynningu
30.11 - 4.12.	Samantekt og frágangur	

**Einhver breyting getur orðið á viðfangefnum og þeim tíma sem ætlaður er í hvert þeirra.*

Námsmat:

Lýsing	Vægi
Verkefni 1. Atferlismótun	4,00%
Verkefni 2. Ofát og átraskanir	4,00%
Verkefni 3. Kynhegðun og kynvitund	4,00%
Verkefni 4. Tilfinningar	4,00%
Verkefni 5. Orsakir ofbeldishegðunar	4,00%
Verkefni 6. Streita	4,00%
Verkefni 7. Kvíðaraskanir	4,00%
Verkefni 8. Þunglyndi og geðhvarfaröskun	4,00%
Verkefni 9. Geðklofi	4,00%
Verkefni 10. Meðferð geðraskana	4,00%
Heimildaritgerð og kynning á efni hennar	25,00%
Kynning á efni heimildaritgerðar	5,00%
Tímapróf 1	15,00%
Tímapróf 2	15,00%

Nemendum ber að gæta þess að skila verkefnum á tilsettum tíma.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils